

Fundargerð 93. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Orkuveitan og á Teams

Tími: 12.3.2026 15:00

Viðstaddir: Hlökkver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS), Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á

91. og 92. fundargerð samþykktar

2. Boð Veitna um heimsókn

ST segir frá stöðu skipulagningar. Reiknað með tveimur kynningum í kaffirými hússins og svo léttum veitingum á 6.hæð.

3. Aðalfundur síðar í vor - staða undirbúnings

Frestað.

4. Ferð út á land - hugmyndir og mögulegt fyrirkomulag verkaskiptingar

Frestað.

5. Afgreiðsla erindis frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Vatns- og fráveitufélag Íslands er áhugamannafélag. Hlutverk félagsins er að stuðla að öruggum vatnsveitum og bættum vatnsgæðum. Ljóst má vera að vatnsverndin og vatnsverndarsvæðin leika þar lykil hlutverk. Vatnsvernd um allan heim hefur átt og á í samkeppni við aðra landnotkun og ljóst að því fylgja margar áskoranir. Í því sambandi þarf að hafa í huga að öll landnotkun skapar hættu á uppsöfnun áhættuþátta sem geta magnast upp yfir langan tíma. Félagið hefur haldið marga fræðslufundi sem finna má upplýsingar um á vef félagsins, þar hefur m.a. verið fjallað um aukna ásókn inná vatnsverndarsvæði, gæði neysluvatns í Heiðmörk í alþjóðlegu samhengi, fyrirkomulag vatnsöflunar o.fl.

Félaginu barst erindi frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir óháðu faglegu mati á ákveðnum atriðum tengt vatnsvernd í Heiðmörk. Stjórn félagsins lítur á hlutverk félagsins út frá lögum þess þar sem megináhersla er lögð á fræðsluhlutverk og samtal um málefni sem snerta vatns- og fráveitur. Af því leiðir að félagið er ekki að taka afstöðu til einstakra afmarkaðra mála í líkingu við það erindi sem hér er borið upp.

6. Önnur mál

Engin.

Fundi var slitið klukkan 16:30. Fundarritarar: Sigrún Tómasdóttir